

Fimmtudaginn 13. júní 1996.

Nr. 130/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

X

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Refsiákvörðun. Kynferðisbrot. Sifjaspell. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 28. mars 1996. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði krefst þess, að refsing sín verði stórlega milduð.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta heimfærslu brota ákærða til refsíákvæða, að því er varðar atferli hans eftir sumarið 1991. Háttsemi hans fram til maí 1988 þykir hafa varðað við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og þau hljóðuðu þá. Eftir maí 1988 og fram á sumar 1991 varðaði atferli hans við það ákvæði og þágildandi 202. gr. hegningarlaga.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að brot ákærða hafi verið mjög alvarlegs eðlis og stórfelld og ljóst, að þau geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir brotþola. Ákærði játaði hins vegar brot sín greiðlega og af hreinskilni og hefur greitt brotþola bætur. Hann hefur af sjálfsdáðum sótt hjálp til geðlæknis í því skyni að ráða bót á tilhneigingum sínum. Þá hefur ákærði ekki gerst sekur um önnur brot, sem hér skipta máli. Þykir því, þegar refsing hans er tiltekin samkvæmt 70. gr. almennra hegningarlaga, mega hafa hliðsjón af 8. og 9. tölulið 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir refsingin hæfilega ákveðin fjögur ár og sex mánuðir.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 4 ár og 6 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 20. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1251/1995: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 31. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 19. desember sl. gegn ákærða, X, [...], Reykjavík, fæddum 1949, fyrir kynferðisbrot með því að hafa frá því síðla árs 1985 til í maí 1988 á heimili þeirra [...], Akureyri, og síðan á heimili þeirra [...], nálægt Reykjavík, ótal sinnum káfað á öllum líkama dóttur sinnar, A, fæddrar [...] 1978, og að [...] látið telpuna fara höndum um lim sinn og frá sumri 1991 og þar til skömmu áður en telpan fluttist til systur sinnar í Bandaríkjunum 26. maí 1993, margsinnis haft samræði eða önnur kynferðismök við telpuna, ýmist á heimili þeirra að [...] eða í bifreiðinni [...], Mitsubishi Cordia, sem ákærði hafði til afnota.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir héraðsdómslögmaður gerir þá kröfu í málinu fyrir hönd B, f. 1950 [...], Reykjavík, vegna ófjárráða dóttur hennar, A, f. 1978, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur, að fjárhæð 4.500.000 kr., auk vaxta samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 frá 28. 4. 1991 til 28. 4. 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 28. 4. 1995 til greiðsludags, þannig, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 4. 1992, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Til vara er krafist dráttarvaxta frá fyrri tíma með vísan til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 að mati dómsins með tilliti til tjóns A. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða A málskostnað að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti á málskostnað, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991“.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt, en aðalmeðferð fór fram í málinu 31. janúar sl. í samræmi við ákvæði 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

— — —

Niðurstaða.

Með skýlausri játningu ákærða fyrir lögreglu og við meðferð málsins, sem fær stoð í gögnum málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Þau brot ákærða, sem framin voru fyrir 10. júní 1992, er tekin voru í gildi lög nr. 40/1992 um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, varða við 1. mgr. 190. gr. og 1. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940, en þau brot, sem framin voru eftir þann tíma, varða við tilgreind refsíákvæði í ákæru.

Brot ákærða eru mjög alvarlegs eðlis og stórfelld. Þau eru framin á löngum tíma, nær samfelld, allt frá því er telpa var 7–8 ára gömul, en hin alvarlegustu, fullkomið samræði, að jafnaði tvisvar til þrisvar í mánuði, frá 12 ára aldri hennar, og stóðu þau í rúm tvö ár. Brotin framdi ákærði í skjóli heimilis síns og telpunnar og í bifreið sinni, þar sem lítillar undankomu var auðið, og nýtti sér ungan aldur hennar og traust hennar á sér sem foreldris og uppálanda. Er ljóst, að brot hans hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir stúlkuna, svo sem að framan er rakið í framburði hennar og álitsgerðum þeirra sérfræðinga, sem fyrir dóminn komu, og enn er ekki séð fyrir endann á þeim. Ákærði játaði hins vegar brot sín greiðlega, og hann greiddi A miskabætur, áður en aðalmeðferð málsins hófst. Hann hefur leitað til sérfræðings í geðlækningum. Hann hefur ekki gerst sekur um brot, sem hér skipta máli.

Pegar allt framangreint er virt og hliðsjón höfð af 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sjö ára fangelsi.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnars Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 7 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnars Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur.